

**Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaganna, 841. mál,
um auðlindaákvæði í 1. gr. b (80. gr.) frumvarpsins með tilliti til nytjastofna í hafinu við Ísland.**

Ekki kemur fram í frumvarpstextanum hvort nytjastofnar séu þjóðareign eða geti verið háðir einkaeignarrétti en textinn vísar almennt til auðlinda og náttúruauðlinda.

Greinargerðin sem fylgir með frumvarpinu skýrir heldur ekki ljóst hvort nytjastofnarnir séu þjóðareign eða háðir einkaeignarrétti.

Í kafla 3.2.1. í greinargerðinni eru taldar upp helstu auðlindir sem falla undir 2 mgr. b (80. gr.) og þar m.a. tilgreindir nytjastofnar á Íslandsmiðum, sbr. 1. gr. laga um stjórnun fiskveiða nr. 116/2006 (fiskveiðistjórnunarlaganna).

Tilgreininguna má skilja þannig að nytjastofnarnir teljist náttúruauðlindir og geti sem slíkir verið þjóðareign eða háðir einkaeignarrétti.

Í kafla 3.3.2. segir að bann 2. mgr. við framsali og veðsetningu auðlinda og landsréttinda í þjóðareign eigi ekki við um heimildir til nýtingu þessara gæða sem ríkið úthlutar einstaklingum eða lögaðilum. Þar er einnig vitnað í 6. mgr. 12. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna um framsal aflahlutdeildar skips. Jafnframt kemur fram í kaflanum að enda þótt frumvarpsgreinin feli ekki í sér bann við framsali og veðsetningu nýtingarheimilda er löggjafinn eftir sem áður frjálst að því að mæla fyrir um slíkt bann í einstökum lögum.

Í kafla 3.3.6. greinir m.a. að nýtingarheimildir sem stjórnvöld veita, þ.e. nýtingarleyfi, fela að jafnaði í sér óbein eða takmörkuð eignarréttindi og njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Auðlindaákvæðið sýnist mega heimfæra þannig upp á fiskana í sjónum:

Fiskar sem synda um á íslenska hafsvæðinu eru auðlind sem tilheyrir íslensku þjóðinni líkt og tungumálið og menningin.

En þeir falla einnig undir náttúruauðlindir og meðan ríkið hefur ekki afskipti af þeim eru þeir þjóðareign. Það vill segja að ríkið getur ekki ráðstafað fiskunum eða réttindum tengdum þeim til eignar eða til varanlegra afnota og má aldrei selja þessi gæði eða veðsetja.

Ef hins vegar ríkið veitir aðila heimild til að nýta fiskana þá telst nýtingarheimildin vera óbein eignarréttindi varin af 72. gr. stjórnarskrár og náttúruauðlindin þá háð einkaeignarrétti eða einkaeignarrétti að hluta (sé það mögulegt). Nýtingarheimildin er að vísu háð ýmsum ákvæðum; greiða skal að jafnaði gjald fyrir hana og heimildin leiðir aldrei til varanlegs eignarréttar eða forræðis yfir náttúruauðlindinni, sbr. einnig ákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna. Sömu takmarkanir gilda væntanlega um þá sem afla nýtingarheimilda með öðru hætti, svo sem með kaupum eða skiptum, þar sem þeir öðlast ekki betri rétt.

Sé ofangreint réttur skilningur þá má segja að þjóðareignarákvæðið víki, a.m.k. að hluta, fyrir einkaeignarrétti þegar fjárhagsverðmæti hlutgerast í auðlindinni.

En athugandi er að verðmæti auðlindar er fyrst og fremst fólgin í nýtingu hennar og í heimild til nýtingar þar sem slíkar heimildir eru takmörkuð gæði eins og á við um aflaheimildir. Alþingi verður hins vegar á hverjum tíma að hafa sem mest óbundnar hendur til fiskveiðistjórnunar til hagsbóta fyrir þjóðina og að gættum hag nýtingaraðila.

Virðingarfyllst,
Einar Jónsson
Hverafold 74
112 Reykjavík